

## REGLUR um úthlutun fjár til eflingar starfsmenntunar 2012-2013.

### 1. gr.

#### *Gildissvið og hlutverk.*

Reglur þessar kveða á um úthlutun fjármuna til tímabundinna verkefna sem stuðlað geta að eflingu starfsmenntunar og eru liður í átaksverkefni ríkisstjórnarinnar *Nám er vinnandi vegur*.

### 2. gr.

#### *Markmið.*

Verkefnunum er um ræðir er ætlað að:

- a) auka þáttöku fólks í starfsnámi með stuðningi við markhópa með sértækjar þarfir,
- b) stuðla að hagnýtingu og þróun stuttra starfsnámsbrauta,
- c) efla kynningu á starfsnámi gagnvart nemendum grunnskóla og foreldrum þeirra,
- e) efla starfstengt nám á framhaldsskóla- og háskólastigi og
- d) þróa námsframboð í starfsnámi á 4. þepri viðmiðaramma aðalnámskrár framhaldsskóla.

### 3. gr.

#### *Yfirstjórn.*

Mennta- og menningarmálaráðherra fer með yfirstjórn átaksins í samstarfi við stýrihóp verkefnisins *Nám er vinnandi vegur*. Með hópnum starfar sérstakur verkefnisstjóri að útfærslu og eftirfylgni verkefnisins.

### 4. gr.

#### *Umsækjendur.*

Rétt á að sækja um styrk eiga starfandi lögðilar, t.d. skólar, fræðsluaðilar í framhaldsfræðslu, félagasamtök og stofnanir sem hafa að markmiði að efla menntun og starfshæfni skjólstæðinga sinna.

### 5. gr

#### *Meðferð og afgreiðsla umsókna.*

Umsóknir um styrki til verkefna af framangreindu tagi eru sendar mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Að úrvinnslu lokinni eru umsóknir lagðar fyrir stýrihóp *Nám er vinnandi vegur* sem gerir tillögu til mennta- og menningarmálaráðherra um úthlutun átaksins. Ráðherra tekur endanlega ákvörðun um úthlutun fjár til einstakra verkefna.

### 6. gr.

#### *Tekjustofnar.*

Framlög í verkefnið eru ákveðin af Alþingi á fjárlögum hvers árs.

### 7. gr.

#### *Mat og eftirlit.*

Stýrihópur verkefnisins hefur eftirlit með nýtingu fjármuna þess. Hann upplýsir mennta- og menningarmálaráðherra um helstu niðurstöður af starfi sínu, svo sem um fjölda umsókna á ári, fjárhæð styrkja og heildarupphæð úthlutaðra styrkja.

*Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 4. apríl 2012.*

**Katrín Jakobsdóttir.**

---

*Ásta Magnúsdóttir.*